Ríkissaksóknari

# Ársskýrsla 2021

# Efnisyfirlit

1. Um verkefni ríkissaksóknara ..... 4
2. Tölulegar upplýsingar ..... 7
    2.1. Fjöldi mála og afdrif þeirra ..... 7
    2.2. Ákærðir ..... 15
    2.3. Tímalengd gæsluvarðhalds ..... 16
    2.4. Kærðar ákvarðanir lögreglustjóra ..... 17
    2.5. Kærur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga ..... 18
    2.6. Áfrýjunarmál ..... 19
    2.7. Sektarboð og sektargerðir ..... 20
    2.8. Erlent samstarf ..... 20

# 1. kafli

## Um verkefni ríkissaksóknara

# 1 Ársskýrsla ríkissaksóknara 2021

### Eftirlits-, kæru- og samræmingarhlutverk ríkissaksóknara

Stærstu einstöku málaflokkar við embætti ríkissaksóknara eru meðferð mála/málflutningur á áfrýjunarstigi fyrir Landsrétti og Hæstarétti sem og afgreiðsla kærumála vegna ákvarðana lögreglustjóra og héraðssaksóknara um að hætta rannsókn, fella mál niður eða falla frá saksókn. Við embættið störfuðu 11 ákærendur árið 2021; níu saksóknarar, vararíkissaksóknari og ríkissaksóknari.

Ríkissaksóknari hefur eftirlit með framkvæmd ákæruvalds hjá ákærendum á lægra stigi, þ.e. héraðssaksóknara og níu lögreglustjórum.

Eftirlitið felst m.a. í yfirlestri allra uppkveðina héraðsdóma, viðurlagaákvarðana og lögreglustjórasekta, meðferð kærumála vegna ákvarðana lögreglustjóra og héraðssaksóknara og fundum með lögreglustjórum og héraðssaksóknara þar sem m.a. er farið yfir málsmeðferð, málshraða og fyrirmæli ríkissaksóknara. Á árinu 2021 bárust embættinu 1381 héraðsdómur til yfirlestrar.

Ríkissaksóknari gefur út almennar reglur og fyrirmæli um meðferð ákæruvalds til allra ákærenda. Á árinu 2021 gaf ríkissaksóknari út sex almenn fyrirmæli, m.a. um meðferð skattalagabrota og sáttamiðlun, sem send voru öllum ákærendum og jafnframt birt á vef embættisins.

Ríkissaksóknari tekur afstöðu til kæru vegna ákvarðana héraðssaksóknara og lögreglustjóra um að vísa kæru frá, hætta rannsókn, fella mál niður eða falla frá saksókn, sbr. 52. gr., 145. gr., 146. gr. og 147. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Við meðferð kærumála gefst oft tilefni til að benda lögreglustjórum og héraðssaksóknara á atriði sem betur mega fara í málsmeðferð einstakra mála og/eða að beina tilmælum til þeirra um málsmeðferð almennt. Ríkissaksóknara ber að taka afstöðu til kæru innan þriggja mánaða frá því að kæran berst embættinu til meðferðar.

Á árinu 2021 bárust 260 kærumál til meðferðar og var tekin afstaða til þeirra allra innan þriggja mánaða. Nánar er fjallað um meðferð kærumála í kafla 2.4.

### Málsmeðferð sakamála á áfrýjunarstigi

Málum verður einungis áfrýjað til Hæstaréttar Íslands að fengnu leyfi réttarins til áfrýjunar. Ríkissaksóknari veitti umsagnir um 39 beiðnir dómfelldu um að áfrýja máli til Hæstaréttar á árinu 2021. Í einu máli var beiðnin afturkölluð. Beiðnum dómfelldu var hafnað í 27 tilvikum, fimm þeirra voru samþykktar og sjö beiðnir voru óafgreiddar um áramót. Ríkissaksóknari óskaði eftir áfrýjunarleyfi í 13 málum. Átta beiðnir voru samþykktar, þar af voru tvö mál sem vörðuðu brot í nánu sambandi (heimilisofbeldi) og eitt nauðgunarmál. Fimm beiðnum ríkissaksóknara var hafnað. Einu máli var vísað til Hæstaréttar til endurtekinnar meðferðar á grundvelli úrskurða endurupptökunefndar.

Ríkissaksóknari flytur þau sakamál sem koma til meðferðar fyrir Hæstarétti.

Ríkissaksóknari tekur ákvörðun um hvort héraðsdómum er áfrýjað af ákæruvaldsins hálfu til Landsréttar og flytur öll mál sem áfrýjað er fyrir Landsrétti. Í sumum tilvikum þarf leyfi Landsréttar til að áfrýja sakamáli til Landsréttar, sbr. 1. mgr. 198. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Ríkissaksóknari veitir umsögn um áfrýjunarbeiðnir dómfelldu, sem voru 12 á árinu 2021. Tvær beiðnir voru samþykktar, fjórum beiðnum var hafnað og tvær beiðnir voru afturkallaðar. Fjórar beiðnir voru óafgreiddar um áramótin 2021-2022.

Á árinu 2021 voru gefnar út áfrýjunarstefnur í 125 málum sem áfrýjað var til Landsréttar. Nánar er fjallað um mál sem áfrýjað var til Landsréttar í kafla 2.6.

Landsréttur dæmdi í 127 sakamálum á árinu 2021 og voru áfrýjunarstefnur í flestum þeirra mála gefnar út á árinu 2020. Var niðurstaða héraðsdóms staðfest í 54 málum, niðurstöðu breytt að nokkru leyti í 58 málum, í 10 málum var niðurstöðu héraðsdóms snúið við og dómur var ómerktur í einu máli og því vísað aftur til héraðsdóms til endurtekinnar meðferðar þar. Einu máli vísaði Landsréttur frá héraðsdómi.

### Endurupptaka dæmdra sakamála

Ríkissaksóknari veitir umsögn um beiðni dómfellda um endurupptöku dæmds sakamáls. Einnig getur ríkissaksóknari haft frumkvæði að endurupptöku sakamála til hagsbóta fyrir dómfellda. Á árinu 2021 veitti ríkissaksóknari umsagnir um 16 beiðnir dómfelldra um endurupptöku. Endurupptökudómur heimilaði endurupptöku í fimm málum en hafnaði tveimur beiðnum. Níu beiðnir voru enn til meðferðar í árslok 2021.

### Aukið eftirlit ríkissaksóknara með símahlustunum og sérstökum rannsóknaraðferðum lögreglu

Með lögum nr. 103/2016 sem tóku gildi 1. janúar 2017, var ríkissaksóknara fengið stærra eftirlitshlutverk en áður þegar kemur að hlustunum lögreglu. Um eftirlit ríkissaksóknara er fjallað í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 103/2016, sbr. nú 3. mgr. 85. gr. laga um meðferð sakamála, en þar segir:

„Ríkissaksóknari hefur eftirlit með því að gögnum sé eytt og að tilkynnt sé um lok aðgerðar skv. 1. og 2. mgr. Setur hann reglur um hvernig eftirlitinu skuli háttað og skal þar m.a. koma fram hvernig tryggt verði að unnt sé að upplýsa eftir á hver eða hverjir hafi haft aðgang að upplýsingum sem aflað hefur verið með aðgerð skv. 80.–82. gr. Ríkissaksóknari skal árlega gefa út skýrslu um framkvæmd eftirlitsins og beitingu aðgerða skv. 80.–82. gr.“
Í kjölfar lagabreytinganna gaf ríkissaksóknari út ný fyrirmæli um eftirlit með símahlustunum og skyldum úrræðum nr. 12/2017 sem send voru öllum lögreglustjórum og öðrum ákærendum 6. mars 2017 og birt á vef ríkissaksóknara. Skýrsla ríkissaksóknara um eftirlit með símahlustunum og skyldum úrræðum vegna ársins 2021 er birt á netsíðu embættisins.

### Sérstakar rannsóknaraðferðir og aðgerðir lögreglu við rannsókn sakamála, sbr. reglur innanríkisráðherra nr. 516/2011

Samkvæmt bréfi ríkissaksóknara, dags. 9. maí 2014, ber ríkislögreglustjóra, lögreglustjórum og héraðssaksóknara að senda ríkissaksóknara yfirlitsskýrslu tvisvar á ári um beitingu aðgerða og aðferða sem tilteknar eru í reglum nr. 516/2011. Skýrslur liggja fyrir frá öllum embættum fyrir árið 2021.

### Menntun og þjálfun starfsmanna ákæruvaldsins

Á árinu 2021 stóð ríkissaksóknari fyrir fimm endurmenntunarnámskeiðum fyrir ákærendur. Í febrúar var námskeið um réttaraðstoð sem haldið var í samstarfi við dómsmálaráðuneytið, ríkislögreglustjóra og lögreglustjórann á höfuðborgarsvæðinu. Í mars var fjallað um fíkniefnabrot og sáttamiðlun á námskeiði ríkissaksóknara. Á fyrsta námskeiði haustannar var fjallað um sönnunarmat og ákvörðun refsingar í kynferðisbrotamálum. Annað námskeiðið fjallaði um mútur, spillingu og peningaþvætti. Á síðasta námskeiðinu var fjallað um löggjöf á Íslandi um mansal og þróun löggjafarinnar á því sviði hér á landi og á Norðurlöndunum. Auk íslenskra fyrirlesara fjölluðu saksóknarar frá Noregi, Danmörku og Svíþjóð um rekstur mansalsmála fyrir dómstólum á Norðurlöndunum og dómaframkvæmd þar.

### Alþjóðleg samskipti og samvinna á sviði ákæruvalds

Ríkissaksóknari sinnir réttarbeiðnum frá erlendum yfirvöldum og málum vegna kröfu um framsal/afhendingu erlendra ríkisborgara, þ.m.t. beiðnum á grundvelli Norrænu- og Evrópsku handtökuskipunarinnar (EAW).
Á árinu 2021 bárust embættinu 117 framsals-, afhendingar- og réttarbeiðnir.

Ríkissaksóknari á fulltrúa í sendinefnd Íslands hjá GRECO, sem eru samtök ríkja innan Evrópuráðsins gegn spillingu, og sótti sá fulltrúi árlegan fund GRECO. Ríkissaksóknari á einnig sæti í CCPE sem er nefnd háttsettra saksóknara á vegum Evrópuráðsins og sækir vararíkissaksóknari árlega fundi CCPE.

Ríkissaksóknari tekur þátt í samstarfi vegna Norrænu handtökuskipunarinnar, Nordic Arrest Warrant Network, og sækir árlega fundi vegna þessa.

Ríkissaksóknari og vararíkissaksóknari sóttu árlegan fund ríkissaksóknara Norðurlandanna í Kaupmannahöfn í október. Þessir fundir eru afar gagnlegir en þar er farið yfir helstu lagabreytingar og þau álitaefni sem efst eru á baugi hverju sinni á Norðurlöndunum og varða refsirétt og meðferð sakamála.

### Mál í forgangi: Nauðgunarmál, kynferðisofbeldi gegn börnum og ofbeldi í nánum samböndum

Í fyrirmælum ríkissaksóknara nr. 4/2017 er því beint til allra lögreglustjóra og héraðssaksóknara að hraða málum þar sem sakarefni tekur til líkamlegs og kynferðislegs ofbeldis. Í sérstökum forgangi skulu þó vera nauðgunarmál og mál sem varða ofbeldi gagnvart börnum og ofbeldi í nánum samböndum, sem og mál þar sem gerendur eru yngri en 18 ára.

1. janúar og 30. júní ár hvert skulu héraðssaksóknari og lögreglustjórar senda ríkissaksóknara lista yfir stöðu mála og málsmeðferðartíma vegna rannsóknar og ákærumeðferðar í nauðgunarmálum (194. gr. alm. hgl.), alvarlegum kynferðisbrotum gegn börnum (1. mgr. 200. gr., 1. mgr. 201. gr. og 1. mgr. 202. gr. alm. hgl.) og í málum sem varða ofbeldi í nánum samböndum (218. gr. b. alm. hgl.).

**Héraðssaksóknari og lögreglustjórar skulu eigi sjaldnar en árlega setja sér markmið um meðferð sakamála, bæði um vönduð og markviss vinnubrögð við rannsóknir einstakra mála og ekki síður um málshraða.**

# 2. kafli

## Tölulegar upplýsingar

## 2.1. Fjöldi mála og afdrif þeirra

Hér gefur að líta fjölda brota sem afgreidd voru af ákæruvaldinu á árinu 2020, greind eftir brotaflokkum. Vakin er athygli á að um er að ræða afgreidd brot, ekki fjölda kæra. Brotin geta hafa verið kærð til lögreglu fyrir 2020 og þá geta brot sem kærð voru 2019 enn verið óafgreidd af ákæruvaldinu. Fyrsta taflan geymir upplýsingar um heildarfjölda afgreiddra brota í málum á landinu öllu. Á eftir fylgja töflur með tölum um afgreidd brot í málum hjá hverju embætti. Undanskilin eru mál sem afgreidd voru með lögreglustjórasáttum og mál sem vísað var frá eða rannsókn hætt í. Næst koma töflur um samanburð á milli ára að því er varðar heildarfjölda afgreiddra brota og brot afgreidd hjá einstökum embættum. Áréttað er að tölurnar vitna um fjölda brota en í hverju máli geta verið fleiri en eitt brot.

**Skýringar með töflum:**

Niðurfelld mál: Mál er fellt niður þegar ákærandi telur að það sem komið hefur fram við rannsókn sé ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis í dómsmáli á hendur sakborningi, sbr. 145. gr. laga um meðferð sakamála.

Fallið frá saksókn: Þótt ákærandi telji að það sem fram hefur komið við rannsókn sé nægilegt til sakfellis í dómsmáli hendur sakborningi, hefur hann vissa heimild samkvæmt 146. gr. laga um meðferð sakamála til að láta við svo búið standa og falla frá saksókn.

Ákærufrestun: Þegar aðili hefur játað brot sitt er ákæranda heimilt, samkvæmt 56. gr. almennra hegningarlaga, að fresta um tiltekinn tíma útgáfu ákæru. Á þetta einkum við um brot sem ungmenni á aldrinum 15-21 árs hafa framið.

### Öll mál

| Allt landið | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Landráð | 3 | 0 | 0 | 0 | | 3 | 100 | | |
| Brot gegn valdstjórninni | 157 | 79 | 50% | 19 | 12% | 55 | 35% | 4 | 3% |
| Brot í opinberu starfi | 33 | 4 | 12% | 2 | 6% | 27 | 82% | 0 | 0% |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 11 | 7 | 64% | 0 | 0% | 4 | 36% | | 0% |
| Peningafals og önnur brot er varða gjaldmiðil | 3 | 0 | 0% | 0 | 0% | 3 | 100% | 0 | 0% |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 76 | 53 | 70% | 5 | 7% | 18 | 24% | 0 | 0% |
| Brot, sem hafa í för með sér almannahættu | 91 | 51 | 56% | 3 | 3% | 37 | 41% | 0 | 0% |
| Brot á reglum um framfærslu og atvinnuháttu | 2 | 1 | 50% | 0 | 0% | 1 | 50% | 0 | 0% |
| Sifskaparbrot | 3 | 2 | 67% | 0 | 0% | 1 | 33% | 0 | 0% |
| Kynferðisbrot | 262 | 90 | 34% | 8 | 3% | 156 | 60% | 8 | 3% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 554 | 296 | 53% | 47 | 8% | 209 | 38% | 2 | 0% |
| Brot gegn frjálsræði manna | 177 | 97 | 55% | 12 | 7% | 67 | 38% | 1 | 1% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 98 | 79 | 81% | 2 | 2% | 17 | 17% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 838 | 596 | 71% | 139 | 17% | 102 | 12% | 1 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 436 | 310 | 71% | 12 | 3% | 114 | 26% | 0 | 0% |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Skattalög | 128 | 93 | 73% | 0 | 0% | 35 | 27% | 0 | 0% |
| Tollalög | 20 | 13 | 65% | 1 | 5% | 6 | 30% | 0 | 0% |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 523 | 486 | 93% | 12 | 2% | 24 | 5% | 1 | 0% |
| Vopnalög | 93 | 72 | 77% | 4 | 4% | 16 | 17% | 1 | 1% |
| Veiðilög | 5 | 2 | 40% | 0 | 0% | 3 | 60% | 0 | 0% |
| Lög um fiskveiðar | 9 | 7 | 78% | 0 | 0% | 2 | 22% | 0 | 0% |
| Lög um siglingar og útgerð | 14 | 13 | 93% | 0 | 0% | 1 | 7% | 0 | 0% |
| Áfengislög | 23 | 15 | 65% | 1 | 4% | 7 | 30% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 1352 | 1299 | 96% | 17 | 1% | 36 | 3% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur | 259 | 239 | 92% | 2 | 1% | 18 | 7% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 265 | 222 | 84% | 0 | 0% | 43 | 16% | 0 | 0% |
| Lyfjaakstur | 556 | 552 | 99% | 3 | 1% | 1 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 382 | 230 | 60% | 14 | 4% | 138 | 36% | 0 | 0% |
| ALLS | 6373 | 4908 | 77% | 303 | 5% | 1144 | 18% | 18 | 0% |

## Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

| ALMENN HEGNINGARLÖG | Alls fjöldi | Ákærur fjöldi | Ákærur % | Fallið frá saksókn fjöldi | Fallið frá saksókn % | Niðurfelld mál fjöldi | Niðurfelld mál % | Ákærufrestun fjöldi | Ákærufrestun % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 8 | 6 | 75% | 0 | 0% | 2 | 25% | 0 | 0% |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 37 | 23 | 62% | 1 | 3% | 13 | 35% | 0 | 0% |
| Brot, sem hafa í för með sér almannahættu | 2 | 2 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Brot á reglum um framfærslu og atvinnuháttu | 2 | 1 | 50% | 0 | 0% | 1 | 50% | 0 | 0% |
| Kynferðisbrot | 2 | 1 | 50% | 0 | 0% | 1 | 50% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 164 | 63 | 38% | 17 | 10% | 83 | 51% | 1 | 1% |
| Brot gegn frjálsræði manna | 46 | 24 | 52% | 5 | 11% | 17 | 37% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 17 | 16 | 94% | 0 | 0% | 1 | 6% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 647 | 471 | 73% | 118 | 18% | 57 | 9% | 1 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 152 | 127 | 84% | 8 | 5% | 17 | 11% | 0 | 0% |
| **SÉRREFSILÖG** | | | | | | | | | |
| Tollalög | 5 | 4 | 80% | 1 | 20% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 330 | 305 | 92% | 9 | 3% | 15 | 5% | 1 | 0% |
| Vopnalög | 55 | 47 | 85% | 3 | 5% | 5 | 9% | 0 | 0% |
| Lög um siglingar og útgerð | 7 | 7 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 719 | 699 | 97% | 16 | 2% | 4 | 1% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur | 162 | 160 | 99% | 2 | 1% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 43 | 42 | 98% | 0 | 0% | 1 | 2% | 0 | 0% |
| Lyfjaakstur | 544 | 540 | 99% | 3 | 1% | 1 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 81 | 46 | 57% | 4 | 5% | 31 | 38% | 0 | 0% |
| ALLS | 3023 | 2584 | 85,5 | 187 | 6,2 | 249 | 8,2 | 3 | 0,1 |

## Lögreglustjórinn á Vesturlandi

| ALMENN HEGNINGARLÖG | Alls fjöldi | Ákærur fjöldi | Ákærur % | Fallið frá saksókn fjöldi | Fallið frá saksókn % | Niðurfelld mál fjöldi | Niðurfelld mál % | Ákærufrestun fjöldi | Ákærufrestun % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 14 | 13 | 93% | 0 | 0% | 1 | 7% | 0 | 0% |
| Brot gegn frjálsræði manna | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 5 | 3 | 60% | 1 | 20% | 1 | 20% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 11 | 6 | 55% | 5 | 45% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 8 | 7 | 88% | 1 | 13% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| **SÉRREFSILÖG** | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 5 | 5 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 2 | 2 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 70 | 69 | 99% | 0 | 0% | 1 | 1% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur | 12 | 9 | 75% | 0 | 0% | 3 | 25% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 24 | 16 | 67% | 0 | 0% | 8 | 33% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 5 | 4 | 80% | 0 | 0% | 1 | 20% | 0 | 0% |
| ALLS | 159 | 137 | 86,2 | 7 | 4,4 | 15 | 9,4 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Vestfjörðum

| ALMENN HEGNINGARLÖG | Alls fjöldi | Ákærur fjöldi | Ákærur % | Fallið frá saksókn fjöldi | Fallið frá saksókn % | Niðurfelld mál fjöldi | Niðurfelld mál % | Ákærufrestun fjöldi | Ákærufrestun % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 7 | 7 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 13 | 5 | 38% | 0 | 0% | 8 | 62% | 0 | 0% |
| Brot gegn frjálsræði manna | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 4 | 0 | 0% | 0 | 0% | 4 | 100% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 6 | 4 | 67% | 0 | 0% | 2 | 33% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 4 | 3 | 75% | 0 | 0% | 1 | 25% | 0 | 0% |

| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lög um ávana- og fíkniefni | 10 | 9 | 90% | 0 | 0% | 1 | 10% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Veiðilög | 2 | 1 | 50% | 0 | 0% | 1 | 50% | 0 | 0% |
| Lög um fiskveiðar | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lög um siglingar og útgerð | 6 | 5 | 83% | 0 | 0% | 1 | 17% | 0 | 0% |
| Áfengislög | 2 | 0 | 0% | 0 | 0% | 2 | 100% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 22 | 20 | 91% | 0 | 0% | 2 | 9% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur | 2 | 2 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 13 | 13 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 18 | 15 | 83% | 0 | 0% | 3 | 17% | 0 | 0% |
| ALLS | 112 | 86 | 76,8 | 0 | 0,0 | 26 | 23,2 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Brot, sem hafa í för með sér almannahættu | 1 | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 4 | 1 | 25% | 0 | 0% | 3 | 75% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 3 | 0 | 0% | 0 | 0% | 3 | 100% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Tollalög | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 8 | 7 | 88% | 0 | 0% | 1 | 13% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lög um siglingar og útgerð | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Áfengislög | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 132 | 130 | 98% | 0 | 0% | 2 | 2% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur | 7 | 5 | 71% | 0 | 0% | 2 | 29% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 6 | 6 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 12 | 9 | 75% | 0 | 0% | 3 | 25% | 0 | 0% |
| ALLS | 182 | 166 | 91,2 | 1 | 0,5 | 15 | 8,2 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Kynferðisbrot | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 61 | 38 | 62% | 6 | 10% | 16 | 26% | 1 | 2% |
| Brot gegn frjálsræði manna | 15 | 7 | 47% | 1 | 7% | 7 | 47% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 17 | 13 | 76% | 1 | 6% | 3 | 18% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 29 | 23 | 79% | 4 | 14% | 2 | 7% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 19 | 16 | 84% | 1 | 5% | 2 | 11% | 0 | 0% |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Tollalög | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 67 | 66 | 99% | 1 | 1% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 10 | 8 | 80% | 0 | 0% | 2 | 20% | 0 | 0% |
| Veiðilög | 2 | 0 | 0% | 0 | 0% | 2 | 100% | 0 | 0% |
| Lög um fiskveiðar | 2 | 0 | 0% | 0 | 0% | 2 | 100% | 0 | 0% |

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Áfengislög | 12 | 11 | 92% | 0 | 0% | 1 | 8% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 144 | 140 | 97% | 0 | 0% | 4 | 3% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur | 24 | 22 | 92% | 0 | 0% | 2 | 8% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 48 | 42 | 88% | 0 | 0% | 6 | 13% | 0 | 0% |
| Lyfjaakstur | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 33 | 27 | 82% | 1 | 3% | 5 | 15% | 0 | 0% |
| ALLS | 489 | 418 | 85,5 | 15 | 3,1 | 55 | 11,2 | 1 | 0,2 |

## Lögreglustjórinn á Austurlandi

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ALMENN HEGNINGARLÖG** | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 2 | 2 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 10 | 4 | 40% | 3 | 30% | 3 | 30% | 0 | 0% |
| Brot gegn frjálsræði manna | 5 | 2 | 40% | 0 | 0% | 2 | 40% | 1 | 20% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 4 | 3 | 75% | 0 | 0% | 1 | 25% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 2 | 2 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 2 | 1 | 50% | 0 | 0% | 1 | 50% | 0 | 0% |
| **SÉRREFSILÖG** | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 9 | 9 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 3 | 1 | 33% | 0 | 0% | 1 | 33% | 1 | 33% |
| Veiðilög | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lög um fiskveiðar | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 7 | 7 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur | 2 | 2 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 2 | 2 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 5 | 3 | 60% | 1 | 20% | 1 | 20% | 0 | 0% |
| ALLS | 55 | 40 | 72,7 | 4 | 7,3 | 9 | 16,4 | 2 | 3,6 |

## Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ALMENN HEGNINGARLÖG** | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 3 | 1 | 33% | 0 | 0% | 2 | 67% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 34 | 21 | 62% | 0 | 0% | 13 | 38% | 0 | 0% |
| Brot gegn frjálsræði manna | 5 | 1 | 20% | 0 | 0% | 4 | 80% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 2 | 1 | 50% | 0 | 0% | 1 | 50% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 4 | 4 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 5 | 3 | 60% | 0 | 0% | 2 | 40% | 0 | 0% |
| **SÉRREFSILÖG** | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 15 | 15 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 17 | 17 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur | 7 | 7 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 8 | 8 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lyfjaakstur | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 36 | 23 | 64% | 1 | 3% | 12 | 33% | 0 | 0% |
| ALLS | 141 | 104 | 73,8 | 1 | 0,7 | 36 | 25,5 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Suðurlandi

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 4 | 4 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Kynferðisbrot | 3 | 0 | 0% | 2 | 67% | 1 | 33% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 60 | 16 | 27% | 16 | 27% | 28 | 47% | 0 | 0% |
| Brot gegn frjálsræði manna | 13 | 2 | 15% | 3 | 23% | 8 | 62% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 9 | 7 | 78% | 0 | 0% | 2 | 22% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 30 | 13 | 43% | 4 | 13% | 13 | 43% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 22 | 9 | 41% | 1 | 5% | 12 | 55% | 0 | 0% |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 12 | 11 | 92% | 0 | 0% | 1 | 8% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Lög um fiskveiðar | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Áfengislög | 2 | 0 | 0% | 0 | 0% | 2 | 100% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 127 | 106 | 83% | 0 | 0% | 21 | 17% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur | 19 | 14 | 74% | 0 | 0% | 5 | 26% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 43 | 32 | 74% | 0 | 0% | 11 | 26% | 0 | 0% |
| Lyfjaakstur | 4 | 4 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 26 | 3 | 12% | 5 | 19% | 18 | 69% | 0 | 0% |
| ALLS | 377 | 223 | 59,2 | 31 | 8,2 | 123 | 32,6 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Peningafals og önnur brot er varða gjaldmiðil | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 18 | 11 | 61% | 4 | 22% | 3 | 17% | 0 | 0% |
| Brot, sem hafa í för með sér almannahættu | 4 | 4 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Kynferðisbrot | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 59 | 44 | 75% | 3 | 5% | 12 | 20% | 0 | 0% |
| Brot gegn frjálsræði manna | 33 | 26 | 79% | 0 | 0% | 7 | 21% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 11 | 8 | 73% | 0 | 0% | 3 | 27% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 70 | 46 | 66% | 5 | 7% | 19 | 27% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 46 | 19 | 41% | 0 | 0% | 27 | 59% | 0 | 0% |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Tollalög | 8 | 6 | 75% | 0 | 0% | 2 | 25% | 0 | 0% |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 51 | 46 | 90% | 1 | 2% | 4 | 8% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 14 | 9 | 64% | 1 | 0% | 4 | 29% | 0 | 0% |
| Lög um fiskveiðar | 4 | 4 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Áfengislög | 3 | 1 | 33% | 1 | 33% | 1 | 33% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 70 | 68 | 97% | 0 | 0% | 2 | 3% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur | 20 | 15 | 75% | 0 | 0% | 5 | 25% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 74 | 57 | 77% | 0 | 0% | 17 | 23% | 0 | 0% |
| Lyfjaakstur | 2 | 2 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 46 | 34 | 74% | 1 | 2% | 11 | 24% | 0 | 0% |
| ALLS | 535 | 400 | 74,8 | 16 | 3,0 | 119 | 22,2 | 0 | 0,0 |

## Héraðssaksóknari

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Brot gegn valdstjórninni | 157 | 79 | 50% | 19 | 12% | 55 | 35% | 4 | 3% |
| Brot í opinberu starfi | 32 | 4 | 13% | 2 | 6% | 26 | 81% | 0 | 0% |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Peningafals og önnur brot er varða gjaldmiðil | 2 | 0 | 0% | 0 | 0% | 2 | 100% | 0 | 0% |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Brot, sem hafa í för með sér almannahættu | 84 | 45 | 54% | 2 | 2% | 37 | 44% | 0 | 0% |
| Sifskaparbrot | 3 | 2 | 67% | 0 | 0% | 1 | 33% | 0 | 0% |
| Kynferðisbrot | 255 | 88 | 35% | 6 | 2% | 153 | 60% | 8 | 3% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 134 | 91 | 68% | 2 | 1% | 41 | 31% | 0 | 0% |
| Brot gegn frjálsræði manna | 56 | 31 | 55% | 3 | 5% | 22 | 39% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 28 | 27 | 96% | 0 | 0% | 1 | 4% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 34 | 27 | 79% | 2 | 6% | 5 | 15% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 177 | 124 | 70% | 1 | 1% | 52 | 29% | 0 | 0% |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Skattalög | 128 | 93 | 73% | 0 | 0% | 35 | 27% | 0 | 0% |
| Tollalög | 5 | 3 | 60% | 0 | 0% | 2 | 40% | 0 | 0% |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 16 | 13 | 81% | 1 | 6% | 2 | 13% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 5 | 4 | 80% | 0 | 0% | 1 | 20% | 0 | 0% |
| Áfengislög | 3 | 2 | 67% | 0 | 0% | 1 | 33% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 44 | 43 | 98% | 1 | 2% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur | 4 | 3 | 75% | 0 | 0% | 1 | 25% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur | 4 | 4 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 118 | 66 | 56% | 1 | 1% | 51 | 43% | 0 | 0% |
| ALLS | 1291 | 750 | 58,1 | 40 | 3,1 | 489 | 37,9 | 12 | 0,9 |

## Öll mál

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákærufrestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2017 | 6265 | 4959 | 79 | 379 | 6 | 881 | 14 | 46 | 1 |
| 2018 | 6872 | 5568 | 81 | 313 | 5 | 946 | 14 | 45 | 1 |
| 2019 | 9626 | 8164 | 85 | 403 | 4 | 1015 | 11 | 44 | 0 |
| 2020 | 9132 | 7631 | 84 | 453 | 5 | 996 | 11 | 52 | 1 |
| 2021 | 6373 | 4908 | 77 | 303 | 5 | 1144 | 18 | 18 | 0 |

## Ríkissaksóknari

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákærufrestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2017 | 30 | 19 | 63 | 0 | 0 | 11 | 37 | 0 | 0 |
| 2018 | 18 | 17 | 94 | 0 | 0 | 1 | 6 | 0 | 0 |
| 2019 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2020 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2021 | 9 | 0 | 0 | 1 | 11 | 8 | 89 | 0 | 0 |

## Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákærufrestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2017 | 3242 | 2717 | 84 | 293 | 9 | 205 | 6 | 27 | 1 |
| 2018 | 3614 | 3050 | 84 | 194 | 5 | 360 | 10 | 10 | 0 |
| 2019 | 5692 | 5055 | 89 | 281 | 5 | 343 | 6 | 13 | 0 |
| 2020 | 5856 | 5197 | 89 | 365 | 6 | 270 | 5 | 24 | 0 |
| 2021 | 3023 | 2584 | 85 | 187 | 6 | 249 | 8 | 3 | 0 |

## Lögreglustjórinn á Vesturlandi

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákærufrestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2017 | 117 | 104 | 89 | 3 | 3 | 10 | 9 | 0 | 0 |
| 2018 | 141 | 135 | 96 | 0 | 0 | 6 | 4 | 0 | 0 |
| 2019 | 327 | 300 | 92 | 3 | 1 | 24 | 7 | 0 | 0 |
| 2020 | 155 | 128 | 83 | 2 | 1 | 25 | 16 | 0 | 0 |
| 2021 | 159 | 137 | 86 | 7 | 4 | 15 | 9 | 0 | 0 |

## Lögreglustjórinn á Vestfjörðum

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákærufrestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2017 | 69 | 59 | 86 | 0 | 0 | 9 | 13 | 1 | 1 |
| 2018 | 129 | 100 | 78 | 11 | 9 | 17 | 13 | 1 | 1 |
| 2019 | 57 | 38 | 67 | 3 | 5 | 13 | 23 | 3 | 5 |
| 2020 | 55 | 48 | 87 | 0 | 0 | 5 | 9 | 2 | 4 |
| 2021 | 112 | 86 | 77 | 0 | 0 | 26 | 23 | 0 | 0 |

## Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákærufrestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2017 | 81 | 76 | 94 | 1 | 1 | 4 | 5 | 0 | 0 |
| 2018 | 184 | 181 | 98 | 1 | 1 | 2 | 1 | 0 | 0 |
| 2019 | 182 | 164 | 90 | 2 | 1 | 16 | 9 | 0 | 0 |
| 2020 | 225 | 213 | 95 | 0 | 0 | 12 | 5 | 0 | 0 |
| 2021 | 182 | 166 | 91 | 1 | 1 | 15 | 8 | 0 | 0 |

## Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákærufrestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2017 | 547 | 439 | 80 | 4 | 1 | 104 | 19 | 0 | 0 |
| 2018 | 360 | 281 | 78 | 10 | 3 | 67 | 19 | 2 | 1 |
| 2019 | 536 | 433 | 81 | 17 | 3 | 81 | 15 | 5 | 1 |
| 2020 | 504 | 412 | 82 | 2 | 0 | 82 | 16 | 8 | 2 |
| 2021 | 489 | 418 | 85 | 15 | 3 | 55 | 11 | 1 | 0 |

## Lögreglustjórinn á Austurlandi

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákærufrestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2017 | 79 | 62 | 78 | 4 | 5 | 13 | 16 | 0 | 0 |
| 2018 | 84 | 73 | 87 | 6 | 7 | 5 | 6 | 0 | 0 |
| 2019 | 72 | 58 | 81 | 2 | 3 | 12 | 17 | 0 | 0 |
| 2020 | 126 | 72 | 57 | 16 | 13 | 35 | 28 | 3 | 2 |
| 2021 | 55 | 40 | 73 | 4 | 7 | 9 | 16 | 2 | 4 |

## Lögreglustjórinn á Suðurlandi

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákærufrestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2017 | 399 | 358 | 90 | 0 | 0 | 41 | 10 | 0 | 0 |
| 2018 | 368 | 305 | 83 | 1 | 0 | 62 | 17 | 0 | 0 |
| 2019 | 439 | 365 | 83 | 13 | 3 | 60 | 14 | 1 | 0 |
| 2020 | 281 | 206 | 73 | 6 | 2 | 65 | 23 | 4 | 1 |
| 2021 | 377 | 223 | 59 | 31 | 8 | 123 | 33 | 0 | 0 |

## Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákærufrestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2017 | 112 | 94 | 84 | 1 | 1 | 17 | 15 | 0 | 0 |
| 2018 | 127 | 98 | 77 | 12 | 9 | 17 | 13 | 0 | 0 |
| 2019 | 181 | 156 | 86 | 6 | 3 | 14 | 8 | 5 | 3 |
| 2020 | 75 | 54 | 72 | 6 | 8 | 15 | 20 | 0 | 0 |
| 2021 | 141 | 104 | 74 | 1 | 1 | 36 | 26 | 0 | 0 |

## Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákærufrestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2017 | 666 | 495 | 74 | 40 | 6 | 124 | 19 | 7 | 1 |
| 2018 | 668 | 535 | 80 | 40 | 6 | 86 | 13 | 7 | 1 |
| 2019 | 1016 | 885 | 87 | 60 | 6 | 70 | 7 | 1 | 0 |
| 2020 | 702 | 561 | 80 | 35 | 5 | 106 | 15 | 0 | 0 |
| 2021 | 535 | 400 | 75 | 16 | 3 | 119 | 22 | 0 | 0 |

## Héraðssaksóknari/Sérstakur saksóknari

| Ár | Fjöldi alls | Ákærur | % | Fallið frá saksókn | % | Niðurfelld mál | % | Ákærufrestun | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2017 | 925 | 536 | 58 | 33 | 4 | 345 | 37 | 11 | 1 |
| 2018 | 1179 | 793 | 67 | 38 | 3 | 323 | 27 | 25 | 2 |
| 2019 | 1124 | 710 | 63 | 16 | 1 | 382 | 34 | 16 | 1 |
| 2020 | 1153 | 740 | 64 | 21 | 2 | 381 | 33 | 11 | 1 |
| 2021 | 1291 | 750 | 58 | 40 | 3 | 489 | 38 | 12 | 1 |

## 2.2. Ákærðir

Alls sættu 2177 einstaklingar og 13 fyrirtæki ákæru á árinu. Eftirfarandi er skipting ákærðra eftir kyni, aldri og ríkisfangi.

| Ríkisfang | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Afganistan | 3 | Grikkland | 2 | Nígería | 3 | Sýrland | 2 |
| Albanía | 19 | Grænhöfðaeyjar | 2 | Noregur | 2 | Taíland | 4 |
| Alsír | 2 | Haítí | 1 | Pakistan | 5 | Tékkland | 1 |
| Austurríki | 1 | Holland | 3 | Palestína | 1 | Ungverjaland | 2 |
| Bandaríkin | 21 | Hvíta-Rússland | 6 | Perú | 2 | Úganda | 1 |
| Barbados | 1 | Indland | 3 | Portúgal | 13 | Úkraína | 10 |
| Belgía | 2 | Írak | 1 | Pólland | 128 | Venesúela | 3 |
| Bosnía og Hersegóvína | 1 | Íran | 4 | Ríkisfangslaus | 1 | Víetnam | 6 |
| Brasilía | 1 | Ísland | 1666 | Rúmenía | 33 | Þýskaland | 3 |
| Bretland | 5 | Ítalía | 9 | Senegal | 1 | | |
| Búlgaría | 3 | Kína | 1 | Serbía | 3 | | |
| Chile | 1 | Kosovo | 1 | Slóvakía | 1 | | |
| Danmörk | 4 | Króatía | 7 | Slóvenía | 1 | | |
| Egyptaland | 2 | Lettland | 38 | Sómalía | 1 | | |
| Eistland | 2 | Litháen | 86 | Spánn | 17 | | |
| Erítrea | 1 | Malí | 1 | Suður-Kórea | 1 | | |
| Finnland | 1 | Marokkó | 4 | Súdan | 1 | | |
| Fílabeinsströndin | 1 | Máritanía | 1 | Svartfjallaland | 1 | | |
| Frakkland | 4 | Mexíkó | 2 | Sviss | 3 | | |
| Georgía | 11 | Moldóva | 1 | Svíþjóð | 2 | | |
| | | | | | | Samtals | 2177 |

Hér að ofan er að finna yfirlit yfir ríkisfang þeirra sem sættu ákæru á árinu. Einstaklingar eru ekki tvítaldir þótt þeir komi við sögu í fleiri en einu málsnúmeri.

| Aldur | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Hlutfall | Karlar | Hlutfall | Konur | Hlutfall |
| 14-19 ára | 207 | 9,5 | 170 | 9,6 | 37 | 9,4 |
| 20-24 ára | 279 | 12,9 | 229 | 12,9 | 50 | 12,8 |
| 25-29 ára | 317 | 14,7 | 264 | 14,9 | 53 | 13,5 |
| 30-34 ára | 324 | 15,0 | 257 | 14,5 | 67 | 17,1 |
| 35-39 ára | 277 | 12,8 | 225 | 12,7 | 52 | 13,3 |
| 40-44 ára | 213 | 9,8 | 182 | 10,3 | 31 | 7,9 |
| 45-49 ára | 200 | 9,2 | 160 | 9,0 | 40 | 10,2 |
| 50-54 ára | 120 | 5,5 | 94 | 5,3 | 26 | 6,6 |
| 55-59 ára | 100 | 4,6 | 87 | 4,9 | 13 | 3,3 |
| 60-69 ára | 102 | 4,7 | 84 | 4,7 | 18 | 4,6 |
| 70 ára og eldri | 25 | 1,2 | 19 | 1,1 | 6 | 1,5 |
| Alls | 2164 | 100,0 | 1771 | 100,0 | 393 | 100,0 |

| Kyn | | |
|---|---|---|
| | Fjöldi | Hlutfall |
| Karl | 1771 | 81,4 |
| Kona | 393 | 18,1 |
| Fyrirtæki | 13 | 0,6 |
| Alls | 2164 | 100,0 |

## 2.3. Gæsluvarðhald

| Gæsluvarðhaldsúrskurðir uppkveðnir á árinu 2020 og fyrirkomulag gæsluvarðhaldsvistar. | |
|---|---|
| Fjöldi úrskurða | 122 |
| Fjöldi einstaklinga | 114 |
| Dagar í gæslu | 6385 |

**Fyrirkomulag, sbr. 1. mgr. 99. gr. laga nr. 88/2008:**

| | Dagur | Meðaldagafjöldi | Lágm. | Hám. |
|---|---|---|---|---|
| Án skilyrða skv. 1. mgr. 99. gr. | 5635 | 67,08 | 1 | 400 |
| abcdef | 118 | 5,62 | 3 | 12 |
| acdef | 84 | 84 | 84 | 84 |
| b-liðar 1. mgr. 99. gr. | 50 | 5 | 3 | 9 |
| bcd-liðir 1. mgr. 99. gr. | 5 | 5 | 5 | 5 |
| bcde-liðir 1. mgr. 99. gr. | 303 | 8,19 | 1 | 37 |
| bcdef-liðir 1. mgr. 99. gr. | 29 | 9,67 | 4 | 19 |
| cd-liðir 1. mgr. 99. gr. | 17 | 4,25 | 1 | 7 |
| cde-liðir 1. mgr. 99. gr. | 47 | 23,5 | 5 | 42 |
| d-liðar 1. mgr. 99. gr. | 97 | 24,25 | 7 | 76 |
| **Samtals** | 6385 | | | |

*a Án takmarkana, b Einrúm, c Heimsóknarbann, d Bréfaskoðun, e Fjölmiðlabann, f Vinnubann*

Um algjöra einangrun er að ræða þegar beitt er b, c, d, og e-liðum saman, en einangrun að vissu marki þegar beitt er þremur eða færri liðum.

## 2.4. Kærðar ákvarðanir lögreglustjóra 2020

Alls sættu 102 mál kæru til ríkissaksóknara þar sem lögreglustjóri eða héraðssaksóknari hafði ákveðið, að rannsókn lokinni, að höfða ekki mál með vísan til 145. gr. laga um meðferð sakamála, þ.e. það sem fram kom við rannsóknina þótti ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis, og í einu máli var að hluta einnig fallið frá saksókn. Kæruheimildina er að finna í 2. mgr. 147. gr. laga um meðferð sakamála.

**Kærur á grundvelli 2. mgr. 147. gr. sml.**

| Kærur | Ákvörðun felld úr gildi | Ákvörðun staðfest |
|---|---|---|
| 99 | 21 | 55 |
| | **Kæra afturkölluð** | **Kæru vísað frá** |
| | 0 | 3 |

Í tveimur málum var ákvörðun felld úr gildi að hluta og staðfest að hluta.
Í einu máli var ákvörðun felld úr gildi og ákvörðun tekin um að rannsókn skyldi hætt.

| Brotaflokkur | Fjöldi |
|---|---|
| Auðgunarbrot og önnur brot er varða fjárréttindi | 5 |
| Kynferðisbrot | 53 |
| Líkamsárásir | 20 |
| Rangar sakargiftir | 2 |
| Önnur sérrefsilög | 2 |
| Skjalafals | 2 |
| Heimilisofbeldi | 4 |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífsins | 3 |
| Fiskveiðilög | 2 |
| Brot í opinberu starfi | 3 |
| Brot gegn valdstjórninni | 1 |

*17 málum er ólokið um áramót.*

Þrjú mál sættu kæru til ríkissaksóknara þar sem lögreglustjóri eða héraðssaksóknari hafði ákveðið að falla frá saksókn með vísan til 3. mgr. 146. gr. laga um meðferð sakamála. Kæruheimildina er að finna í 2. mgr. 147. gr. laga um meðferð sakamála.

| Kærur á grundvelli 2. mgr. 147. gr. sml. | | |
|---|---|---|
| **Kærur** | **Ákvörðun felld úr gildi** | **Ákvörðun staðfest** |
| 3 | 0 | 3 |
| **Brotaflokkur** | **Fjöldi** | |
| Brot gegn valdstjórninni | 1 | |
| Líkamsárás | 2 | |

Ríkissaksóknara bárust 147 kærumál vegna ákvarðana lögreglustjóra um að vísa frá kæru án rannsóknar eða hætta rannsókn, sbr. 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála. Kæruheimildina er að finna í 6. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála.

| Kærur á grundvelli 6. mgr. 52. gr. sml. | | |
|---|---|---|
| **Kærur** | **Ákvörðun felld úr gildi** | **Ákvörðun staðfest** |
| 147 | 26 | 79 |
| | **Kæra afturkölluð** | **Kæru vísað frá** |
| | 0 | 10 |

Í einu máli þar sem rannsókn var hætt var ákvörðun felld úr gildi að hluta og staðfest að hluta. Í einu máli var ákvörðun um að hætta rannsókn felld úr gildi og fallið frá saksókn í málinu. Einu máli sem vísað var frá var lagt fyrir lögreglustjóra að hefja rannsókn að nýju. Í einu máli var ákvörðun felld úr gildi að hluta og staðfest að hluta.

| Brotaflokkur | Fjöldi |
|---|---|
| Auðgunarbrot og önnur brot er varða fjárréttindi | 39 |
| Brot í opinberu starfi | 6 |
| Kynferðisbrot | 31 |
| Líkamsárásir | 20 |
| Heimilisofbeldi | 3 |
| Líkamsmeiðing af gáleysi (219. gr. alm. hgl.) | 1 |
| Mannslát (211. gr. alm. hgl.) | 1 |
| Látið farast fyrir að koma manni í lífsháska til bjargar ( 221. gr. alm. hgl.) | 2 |
| Rangar sakargiftir og rangur framburður | 4 |
| Brot gegn frjálsræði manna | 1 |
| Skjalafals | 1 |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 12 |
| Brot sem hafa í för með sér almannahættu | 1 |
| Brot á reglum um framfærslu og atvinnuháttu | 2 |
| Lög um siglingar og útgerð | 2 |
| Umferðarlög | 1 |
| Önnur sérrefsilög | 20 |

*29 mál eru óafgreidd um áramót.*

Fjögur mál þar sem ákvörðun lögreglustjóra var að gefa út skilorðsbundna ákærufrestun voru kærð.

Fimm mál er vörðuðu afhendingu gagna voru kærð.

Eitt mál þar sem beiðni um endurupptöku var hafnað var kært.

## 2.5. Kærur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga

| Ár | Kærur alls | Niðurfell-ing | Fallið frá saks. | Ranns. hætt | Kæru vísað frá | Ákæra | Dómur Sakf. | Dómur. Sýkn. | Áfrýjað | Landsr. Sakf | Landsr. Sýkn | Óafgr. áramót |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2016 | 38 | 9 | 2 | 19 | 5 | 3 | 3 | 0 | 3 | 3 | 0 | 0 |
| 2017 | 23 | 3 | 0 | 11 | 6 | 3 | 2 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2018 | 42 | 11 | 0 | 21 | 8 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| 2019 | 19 | 3 | 0 | 7 | 6 | 3 | 1 | 2 | 2 | 1 | 1 | 0 |
| 2020 | 22 | 9 | 0 | 9 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 14 |
| 2021 | 21 | 3 | 0 | 6 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 9 |

*2018:* *Eitt mál óafgreitt.*

*2020:* *Einu máli var lokið með greiðslu sektar. 14 mál óafgreidd.*

*2021:* *Níu mál óafgreidd.*

## 2.6. Áfrýjunarmál til Landsréttar 2021

Útgefnar áfrýjunarstefnur á árinu 2021 voru 125 talsins í 125 málum.

Dómfelldu höfðu frumkvæði að áfrýjun í 100 málum en fallið var frá áfrýjun í fjórum af þeim málum.

Ákæruvaldið hafði frumkvæði að áfrýjun til Landsréttar í 25 málum. Búið er að dæma í þremur þeirra. Fallið var frá áfrýjun í einu máli.

Fjögur málanna sem ákæruvaldið áfrýjaði vörðuðu kynferðisbrot, þar af voru tveir sýknudómar.

Einu máli er varðaði manndráp var áfrýjað af ákæruvaldinu. Í því máli voru þrír aðilar af fjórum sýknaðir í héraðsdómi.

Einu máli er varðaði tilraun til manndráps var áfrýjað af ákæruvaldinu.

Þremur málum er vörðuðu líkamsárásir var áfrýjað af ákæruvaldinu.

Tveimur málum er vörðuðu stórfellt fíkniefnabrot var áfrýjað af ákæruvaldinu.

Tveimur málum er vörðuðu peningaþvætti var áfrýjað af ákæruvaldinu.

Fimm málum er vörðuðu skattalagabrot var áfrýjað af ákæruvaldinu, þar af voru fjórir sýknudómar og sýknað að hluta í einum.

Einum sýknudómi er varðaði brot á lögum um náttúruvernd var áfrýjað af ákæruvaldinu.

Einum dómi er varðaði ölvunarakstur var áfrýjað af ákæruvaldinu.

Fjórum málum er varðaði ávana-, fíkniefna- og lyfjaakstur var áfrýjað af ákæruvaldinu.

Einu máli er varðaði akstur án ökuréttinda var áfrýjað af ákæruvaldinu.

Landsréttur dæmdi í 127 sakamálum á árinu 2021 og voru áfrýjunarstefnur í flestum þeirra mála gefnar út á árinu 2020. Var niðurstaða héraðsdóms staðfest í 54 málum, niðurstöðu breytt að nokkru leyti í 58 málum, í 10 málum var niðurstöðu héraðsdóms snúið við og dómur var ómerktur í einu máli og því vísað aftur til héraðsdóms til endurtekinnar meðferðar þar. Einu máli vísaði Landsréttur frá héraðsdómi.

Um áramót 2020 - 2021 voru 67 sakamál ódæmd í Landsrétti.

| Áfrýjuð hegningarlagabrot 2020 | | Áfrýjuð sérrefsilagabrot 2020 | |
|---|---|---|---|
| Brot gegn valdstjórninni/opinb. starfsm. | 5 | Skattalagabrot | 13 |
| Skjalafals | 2 | Ávana- og fíkniefnalög | 2 |
| Brot sem hafa í för með sér almannahættu | 1 | Náttúruvernd | 1 |
| Fíkniefnabrot - stórfellt | 3 | Fyrirmælum lögreglu ekki hlýtt | 1 |
| Kynferðisbrot | 26 | Umferðarlagabrot | 5 |
| Manndráp | 4 | Ölvunar/fíkniefna/lyfjaakstur | 21 |
| Manndráp - tilraun | 3 | | |
| Manndráp af gáleysi | 1 | | |
| Líkamsárásir | 30 | | |
| Ærumeiðingar, brot gegn friðhelgi einkalífs | 1 | | |
| Auðgunarbrot | 2 | | |
| Ýmis brot er varða ýmis fjárréttindi | 4 | | |
| | | **Samtals** | 125 |

## 2.7. Sektarboð og sektargerðir

Árið 2013 varð breyting á reglugerð um lögreglustjórasektir og tekin í notkun vettvangsskýrsla vegna umferðarlagabrota. Þá getur sá kærði undirritað skýrslu á vettvangi og er honum síðan sendur greiðsluseðill. Áður var sent út sektarboð í slíkum málum. Sektarboð er hins vegar enn sent út ef ekki næst í þann brotlega, t.d. vegna hraðamyndavéla.

Í árslok 2021 höfðu lögreglustjórar sent út sektarboð vegna 49.508 brota. Í sektarboðum er einvörðungu um að ræða umferðarlagabrot. Þar af höfðu 46.339 sektarbrot verið greidd á árinu en það er 94% af útsendum sektarbrotum í sektarboðum. Þau brot sem oftast var sektað fyrir var of hraður akstur.

Heildarfjöldi brota í sektargerðum lögreglustjóra voru 4.144 í árslok. Um var að ræða 2.650 sektargerðir og hafa 1.420 sektargerðir verið greiddar á árinu eða 54%. Flest brotin vörðuðu umferðarlagabrot eða 3.313, þar af 891 vegna ölvunaraksturs og 657 vegna aksturs undir áhrifum ávana- og fíkniefna og vegna aksturs undir áhrifum örvandi eða slævandi lyfja. Alls var 300 minniháttar brotum gegn lögum um meðferð ávana- og fíkniefna lokið með sektargerð og 40 hegningarlagabrotum og var þar um að ræða 17 þjófnaðarbrot, fjögur eignaspjallabrot, eitt fjárdráttarbrot og 18 kynferðisbrot (206 gr. alm. hgl.). Einnig var 491 broti gegn öðrum sérrefsilögum en umferðarlögum lokið með sektargerð.

Það athugist að eitt sektarboð eða ein sektargerð getur falið í sér fleiri en eitt brot.

## 2.8. Erlent samstarf

### EAW 2019-2020

| Til Íslands | 2019 | 2020 | 2021 | Þjóðerni til Íslands | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Austurríki | 1 | | 1 | Austurríki | | | 1 |
| Bretland | | 1 | | Bretland | | 1 | |
| Frakkland | | 1 | | Ísland | | 2 | |
| Grikkland | | 1 | 1 | Ítalía | 1 | 1 | |
| Írland | | | 1 | Króatía | | | 1 |
| Ítalía | | 1 | 2 | Lettland | | 1 | 2 |
| Króatía | | 1 | 1 | Litháen | | 3 | 1 |
| Lettland | | 1 | 1 | Marokkó | | | 1 |
| Litháen | | 1 | | Palestína | | 1 | |
| Portúgal | 1 | | | Portugal | 1 | | |
| Pólland | | 8 | 4 | Pólland | 1 | 9 | 4 |
| Rúmenía | | 1 | 1 | Rúmenía | | 2 | 2 |
| Spánn | | 1 | 1 | Serbía | | 1 | |
| Svíþjóð | | 1 | | Spánn | 1 | 1 | |
| Ungverjaland | | 2 | 1 | Sýrland | 1 | 1 | 1 |
| Þýskaland | | 2 | | Ungverjaland | | | 1 |
| **Samtals** | 2 | 22 | 14 | **Samtals** | 5 | 23 | 14 |

| Frá Íslandi | 2019 | 2020 | 2021 | Þjóðerni frá Íslandi | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Holland | | | 1 | Ísland | | 2 | 2 |
| Króatía | | 1 | | Lettland | 1 | | |
| Lettland | 1 | | | Pólland | | 1 | 1 |
| Pólland | | 1 | 2 | Máritanía | | | 1 |
| Spánn | | 1 | 1 | | | | |
| Þýskaland | | | | | | | |
| **Samtals** | 1 | 3 | 4 | | | | |

### Norrænar handtökuskipanir frá 2016

| Ár | Fjöldi | Sendandi beiðnar | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2016 | 3 | Finnland | 1 | | | | | |
| 2017 | 1 | Svíþjóð | 1 | | 1 | 3 | 1 | |
| 2018 | 3 | Noregur | | 1 | | 1 | 1 | |
| 2019 | 5 | Ísland | 1 | | 1 | 1 | | |
| 2020 | 2 | Danmörk | | | 1 | | | |

Engar norrænar handtökuskipanir bárust árið 2021

| Sendandi beiðnar | Ár | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
| Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn | | | 1 | | | |
| Andorra | | | | | | 1 |
| Austurríki | | | | | 4 | 3 |
| Bandaríkin | | 4 | 4 | 9 | 5 | 5 |
| Belgía | | | | 1 | 1 | |
| Brasilía | | | | | 1 | |
| Bretland | | | | | | 1 |
| Búlgaría | | | 1 | 3 | | |
| Danmörk | | 4 | 7 | 12 | 17 | 12 |
| Eistland | | | | 2 | | |
| Finnland | | 1 | | | | 2 |
| Frakkland | | 2 | 1 | 3 | 1 | 8 |
| Færeyjar | | | 1 | | | |
| Georgía | | | | | | 1 |
| Grikkland | | | | 1 | | |
| Holland | | 5 | 1 | 2 | 1 | 3 |
| Hvíta Rússland | | | | | | 1 |
| Írland | | | | 1 | 1 | 2 |
| Ísland | | | | 1 | 3 | |
| Ísrael | | | 2 | | | 1 |
| Ítalía | | | | | 1 | 1 |
| Króatía | | | | | | 1 |
| Kýpur | | | | 2 | | |
| Lettland | | 1 | 1 | 1 | | 2 |
| Lichtenstein | | | 1 | | | |
| Litháen | | 1 | | 3 | 3 | 5 |
| Lúxemborg | 1 | | | | | |
| Lýðveldið Kórea | | | | | | 1 |
| Makedónía | | | | | 1 | 1 |
| Mónakó | | | | | | 1 |
| Namibía | | | | 1 | | |
| Noregur | | 1 | 5 | | 1 | |
| Perú | | | | 1 | | |
| Portúgal | | 6 | 4 | 6 | 1 | 1 |
| Pólland | | 5 | 10 | 10 | 6 | 12 |
| Rúmenía | | 1 | | | 1 | |
| Skotland | | 1 | | | | 1 |
| Slóvakía | | | | 2 | | |
| Slóvenía | | 1 | | 1 | | 2 |
| Spánn | | 1 | 5 | 1 | 4 | 5 |
| Svartfjallaland | 1 | | 1 | | | |
| Sviss | | 3 | | 2 | | 5 |
| Svíþjóð | | 2 | 5 | 1 | 4 | 4 |
| Tékkland | | 1 | 2 | 3 | 3 | 2 |
| Tyrkland | | 23 | 5 | 1 | 1 | 2 |
| Ungverjaland | | 2 | | | | |
| Venesúela | | | | | | 1 |
| Víetnam | | | | | | 1 |
| Þýskaland | | 3 | 1 | 5 | 3 | 11 |

| Réttarbeiðnir frá 2016 | |
|---|---|
| Ár | Fjöldi |
| 2016 | 2 |
| 2017 | 68 |
| 2018 | 58 |
| 2019 | 75 |
| 2020 | 63 |
| 2021 | 99 |

Ríkissaksóknari • Suðurlandsbraut 4 • 108 Reykjavík • sími  444 2900 • www.rikissaksoknari.is